

60. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd miðvikudaginn 8. september 2004 kl. 18:00 á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Mætt voru Gretar D. Pálsson, formaður, Helgi Haraldsson, Dagný Þórisdóttir, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Bjarnfríður Vilhjálmssdóttir, byggingarfulltrúi, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Formaður setti fund og bauð nýjan byggingarfulltrúa Bjarnfríði Vilhjálmssdóttur velkomna til starfa.

1. Silfurgata 11, bygging á bílskúr og sólpalli.
Samþykkt að heimila byggingu á sólpalli. Bílskúrsteikning eftir Hjörleif Sigurþórsson, byggingaiðnfræðing. Stærð 42,6 m², samþykkt og byggingarfulltrúa falið að kalla eftir viðbótargögnum.
2. Laufásvegur.
Framlagðar teikningar af 6 íbúða raðhúsi eftir Sigurjón Jónsson, byggingatæknifræðing 395,8 m², 1248,2 m³. Samþykkt.
3. Aðalgata 19.
Framlagt erindi húseigenda að “Jaðri” um heimild til að klæða húsið utan með bárujárnri og að færa glugga í upprunalegt horf. Samþykkt.
4. Hafnargata 11.
Auður I. Vésteinsdóttir sækir um leyfi til að endurbæta skúr við íbúðarhúsið, sólstofu og timburpall.
Samþykkt að heimila framkvæmdir við skúr og nefndin tekur jákvætt í aðrar framkvæmdir en afgreiðir það erindi ekki fyrir en teikning liggur fyrir.
5. Sundabakki 3.
Hrannar Pétursson sækir um leyfi til að setja upp gerfihnattadisk á hús sitt. Samþykkt.
6. Silfurgata 23.
Guðmundur Amlin sækir um leyfi til að setja upp gerfihnattadisk á hús foreldra sinna. Samþykkt.
7. Umsókn um gámastöðu.
Hafsteinn Kristinsson sækir um leyfi til að staðsetja gám við Ögursafleggjara. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða málið.
8. Framlagt bréf Stefáns Kærnested f.h. Atlantsolíu þar sem sótt er um lóð undir sjálfsafgreiðslustöð. Nefndin tekur jákvætt í erindið og byggingarfulltrúa falið að gera tillögu að staðsetningu.

9. Borgarbraut 1.
Fasteignafélagið Stoðir ehf. sækir um leyfi til að breyta húsnæðinu samkvæmt framlögðum teikningum Arkís ehf. Samþykkt.
10. Hjallatangi 6.
Pálmi Ólafsson sækir um leyfi til að stækka sólpall framan við húsið. Samþykkt.
11. Silfurgata 20.
Ragnar Kærnested sækir um leyfi til að reisa skjólgirðingu á lóðinni sbr. bréf þar um. Samþykkt.
12. Bréf Agnars Jónssonar, dags. 23.8.2004 um heimild til að staðsetja geymslugám. Vísað til afgreiðslu á 7. lið og byggingarfulltrúa falin afgreiðsla málsins.
13. Formaður minnti á fyrri samþykktir um Skólastíg og Höfðagötu. Senda þarf fyrri samþykktir í grenndarkynningu.
14. Merking gangbrauta.
Rætt var um hvernig bæta megi lýsingu við gangbrautir, einkum á Aðalgötu og Borgarbraut.
15. Dagný ræddi um fræðslu og kynningu á meðferð sorps og fræðsluefni fyrir grunnskólanemendur.
Byggingarfulltrúa falið að kanna málið í samráði við skólastjóra grunnskólans.
16. Geymslusvæði.
Nefndin beinir til bæjarstjórnar þeirri tillögu að næsta vor verði aflagt gáma- og geymslusvæði við Ögursafleggjara.
Í tengslum við þessa breytingu verði komið upp geymslusvæði við enda núverandi gámastöðvar “Snoppu” og geymslusvæði þá leigt út fyrir kostnaði.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Gretar D. Pálsson (sign.),
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign.),
Þorgrímur Kristinsson (sign.),
Dagný Þórisdóttir (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.),
Helgi Haraldsson (sign.).

Íhs.